

Stjórnarfundur UMSB 3. desember 2015 hjá Kristínu gjaldkera á Lundi í Lundarreykjadal

Mættir: Pálmi framkvæmdastjóri, Kristín gjaldkeri, Ásgeir varasambandsstjóri, Þórhildur meðstjórnandi, Sigurður sambandsstjóri og Sólrún Halla ritari

1. *Formaður setur fundinn*
2. *Formaður ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar*
Samþykkt af fundarmönnum
3. *Skýrsla framkvæmdastjóra, starfið undanfarið og framundan*
 - a) Mikið að gera í félagsmiðstöðinni upp á síðkastið, fjölbreyttir viðburðir í boði.
 - b) Er að gera upp starf Íþróttá- og tómskundaskólans, gera upp við deildir, skoða systkinaafslátt o.fl. Einnig er verið að yfirfæra Nóra kerfið og skoða hvað þarf að gera til þess að hafa þetta þægilegra fyrir notendur.
 - c) Var að skila bókhaldinu til KPMG í dag.
4. *Starfsmannamál*

Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir hefur skrifað undir ráðningarsamning við UMSB og mun taka til starfa 4. janúar 2015. Hún mun sjá um félagsmiðstöðvarnar, íþróttá- og tómskundaskólann, sumarfjórið og vinnuskólann.
5. *Íþróttamaður ársins – íþróttahátíð*

Þórhildur ætlar að athuga hvort hægt sé að halda hátíðina í Logalandi um 17. janúar kl. 14:00. Þórhildur og Pálmi ætla að athuga með Berglindi Ósk hvort hún vilji vera með þeim í skemmtinefnd fyrir íþróttahátíðina.

Bókun: Pálmi ætlar að senda póst á aðildarfélögin hvort þau vilji veita sínum félögum viðurkenningar á íþróttahátíðinni.
6. *Mönnun unglíngalandsmótsnefndar*

Kolfinna sveitarstjóri er formaður, Kristján Finnur öryggisstjóri, Hrafnhildur Tryggva tjaldbúðastjóri, Ingunn Jóhannesd svæðisstjóri, Páll S. Brynjars keppnisstjóri, Sigurður Guðmunds gjaldkeri, Kristín Gunnars ritari, Hrönn Jóns skemmtanastjóri, Agnes Guðmunds starfsmannastjóri. Það sem vantar núna er þjónustu- og veitingastjóri. Næsti fundur nefndarinnar í ráðhúsi Borgarbyggðar er 16. des kl. 16.
7. *Önnur mál*
 - a) Ásgeir segir frá ÍSÍ þingi
 - 1) Talað var um að uppfæra Felix þannig að hann verði notendavænni. Nóri á að geta tengst nýuppfærðum Felix.
 - 2) Það á að stofna afreksmannamiðstöð þar sem afreksfólk geti fengið aðstoð fjárhagslega til þess að stunda íþrótt sína.
 - 3) Kynnt var skýrsla um umhverfi og hagræn áhrif íþróttá.
 - b) Pálmi segir frá fundi íþróttahéraða

Kynnt skýrsla samstarfsnefndar íþróttahéraða
 - c) Umsögn Pálma um rekstrarstyrk Golfklúbbs Borgarness til Borgarbyggðar

Pálmi var beðinn um að senda inn umsögn til Borgarbyggðar þar sem Golfklúbbur Borgarness sóttir um rekstrarstyrk til Borgarbyggðar. Pálmi tók jákvætt í þetta en að Borgarbyggð þyrfti að taka upp ákveðna stefnu í því hvernig þau ætli að styrkja aðila til reksturs yfir þeim mannvirkjum þar sem félögin útbúa sjálf.

d) Mótorsportfélagið

Kristín spyr hvernig gangi að finna svæði fyrir mótorsportfélagið. Það var lagt fyrir erindi til Borgarbyggðar frá mótorsportfélaginu um afnot af svæði á milli Engjaáss og Sólbakka, nálægt Kárastöðum. Pálmi fór ásamt fleirum að skoða hvernig þetta svæði myndi henta mótorsportinu.

Fundi slitið kl. 22:36

Sólrún Halla ritaði